

Nd.

44. Frumvarp til laga

[44. mál]

um breyting á lögum nr. 40 23. maí 1949, um áburðarverksmiðju.

(Lagt fyrir Alþingi á 81. löggjafarþingi, 1960.)

1. gr.

8. gr. laganna orðist svo:

Áburðarverksmiðjan selur framleiðsluvörur sínar innanlands á kostnaðarverði, er verksmiðjustjórn áætlar og ákveður fyrir 1. marz ár hvert, að fengnu samþykki landbúnaðarráðherra. Í hinu áætlaða kostnaðarverði skal reikna með nauðsynlegum og lögákveðnum tillögum í fyrningarsjóð og varasjóð verksmiðjunnar.

Ríkisstjórninni er heimilt að veita áburðarverksmiðjunni einkaleyfi til innflutnings á tilbúnum áburði, enda selji hún áburðinn á kostnaðarverði, sem háð er samþykki landbúnaðarráðherra.

2. gr.

10. gr. laganna orðist svo:

Framlag áburðarverksmiðjunnar til fastra sjóða hennar skal vera á hverju ári sem hér segir:

- a. Til fyrningarsjóða $2\frac{1}{2}\%$ af kostnaðarverði húsa, lóðar og annarra mannvirkja og $7\frac{1}{2}\%$ af kostnaðarverði véla og annarra áhalda.

Heimilt er þó verksmiðjustjórn, með samþykki landbúnaðarráðherra, að

ákveða tillag í fyrningarsjóð, þannig að samanlagðar fyrirningarafskriftir véla eða húsa, sem orðin eru ónýtt og brotavirði þeirra verði jafn hátt kostnaðarverði sams konar eigna, er afla þarf í þeirra stað.

b. Til varasjóðs allt að 3% af kostnaðarverði framleiðslunnar.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og eru þá jafnframt úr gildi felld lög nr. 51 28. janúar 1935, um verzlun með tilbúinn áburð. Áburðarsala ríkisins hættir þar með störfum. Eignum hennar skal varið til þess að auka húsnæði búnaðardeildar Atvinnudeildar Háskólans vegna jarðvegsrannsókna og búa hana tækjum til efnagreininga, sérstaklega með hliðsjón af ákvörðun á áburðarþörf lands.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Samhljóða frumvarp var lagt fyrir síðasta Alþingi, en varð ekki útrætt.

Megintilgangur frumvarpsins er að koma á hagkvæmara og ódýrara fyrirkomulagi en verið hefur við verzlun með tilbúinn áburð.

Það er ástæðulaust að láta sérstakt ríkisfyrirtæki vera millilið um sölu framleiðsluvara Áburðarverksmiðjunnar h/f og því síður ástæða til að halda slíku fyrirtæki við til þess eins að flytja inn áburð. Kostnaður við rekstur Áburðarsölu ríkisins árið 1959 var kr. 674 441.91, en brúttótekjur það sama ár voru kr. 1.015 032.00.

Á hinn bóginn er nauðsynlegt að verzlun með tilbúinn áburð sé öll hjá sama aðila til að tryggja, að alltaf séu til hæfilegar birgðir af réttum tegundum áburðar, þegar til hans þarf að taka.

Um 1. gr.

Í samræmi við framanritað gerir 1. gr. frumvarpsins ráð fyrir, að áburðarverksmiðjan annist sjálf sölu framleiðsluvara sinna til kaupenda á kostnaðarverði, sem háð er samþykki landbúnaðarráðherra.

Í 2. mgr. er ríkisstjórninni síðan heimilað að veita verksmiðjunni einkaleyfi til innflutnings á tilbúnum áburði. Áburður þessi skal sömuleiðis seldur á kostnaðarverði, sem háð er samþykki landbúnaðarráðherra.

Með þessu móti yrði unnt að minnka verulega milliliðakostnað við áburðarverzlun.

Mál þetta hefur verið rætt við Áburðarverksmiðjuna h/f, og er hún fús til að taka þessa verzlun að sér.

Um 2. gr.

Upphaflegt kostnaðarverð áburðarverksmiðjunnar var um 130 millj. króna. Endurnýjunarverð verksmiðjunnar nú er 245 millj. kr., og þá ekki tekið tillit til hækkana, sem leiðir af lögnum um efnahagsmál.

Vegna þessa er nauðsynlegt að rýmka fyrningarheimildir verksmiðjunnar, eins og greinin gerir ráð fyrir.

Um 3. gr.

Jafnframt því sem frumvarp þetta fengi lagagildi, mundi Áburðarsala ríkisins hætta störfum.

Eignum áburðarsölnunnar verður hvorki betur né eðlilegar varið en til að efla jarðvegsrannsóknir í landinu og þá sérstaklega með það fyrir augum að nýta tilbúinn áburð betur en nú er gert.

Á s. l. ári keyptu bændur hér á landi áburð fyrir nál. 80 millj. króna. Þessi fjárhæð verður án efa mun hærri í ár, bæði vegna stækkunar ræktaðs lands og vegna nokkurrar hækkunar áburðarverðs.

Betri þekking á hvaða áburður og hvaða magn áburðar hæfir á hverjum stað, mundi nýta þessa miklu fjármuni mun betur en nú er gert.

Fyrir það fé, sem Áburðarsala ríkisins á, er unnt að reisa rannsóknarstofur og önnur þau húsakynni, sem slíkri starfsemi eru nauðsynleg, sbr. greinargerð dr. Björns Jóhannessonar, sem prentuð er sem fylgiskjal hér á eftir. Vel menntaða starfsmenn skortir hins vegar ekki á þessu sviði.

Landbúnaðarráðuneytið mundi að sjálfsögðu fara með yfirstjórn þessara framkvæmda.

Fylgiskjal.

Jarðvegsrannsóknir: Þörf fyrir bættu vinnuáðstöðu.

Áður en vikið verður að starfsáðstöðu er rétt að gera stutta grein fyrir helztu viðfangsefnum jarðvegsrannsókna.

1. Jarðvegskortagerð og almennar jarðvegsrannsóknir.

Þessar rannsóknir hafa grundvallarþýðingu fyrir hvers konar notkun jarðvegs og skipulag byggða. Þær skila að vísu ekki árangri að kvöldi vinnudags, en það væri áreiðanlega rangt að sinna þeim ekki fyrir þær sakir. Fyrir nokkrum árum var hér á ferð búnaðarmálastjóri frá Suður-Englandi. Ég sagði honum frá viðleitni okkar að gera jarðvegskort af landinu. Hann mælti þá strax og hiklaust: „Jarðvegskort eru mikilvægari fyrir landbúnaðinn en nokkurt annað hjálpargagn. Ég óska ykkur til hamingju með að hafa ráðist á þetta viðfangsefni. Ég vildi aðeins óska, að við í Englandi hefðum sinnt þessum málum meira en raun ber vitni.“

Geta má þess, að lokið er útvinnu við jarðvegskortagerð á svæðinu milli Þjórsár og Ytri-Rangár og í Eyjafirði, en í Borgarfirði er hún komin nokkuð áleiðis. Hins vegar er ekkert fé handbært til að prenta kort af þessum svæðum.

2. Gróðurkort og afréttarrannsóknir.

Undirritaður og samstarfsmenn hans hófu undirbúning að þessum rannsókn-um árið 1953, og er nú að koma greinilega í ljós, hve brýnar þær eru. Viða er nú orðið svo þröngt í sumarhögum (dæmi: afréttir Austur-Skagfirðinga, Fljótshlíðinga og Eyfellinga), að fallþungi dilka er stórum minni en eðlilegt er að krefjast. Skynsamleg eða hagfelldasta lausn þessa vandamáls er óhugsandi nema fyrir liggja rannsóknir á afréttarlöndunum samhliða rannsóknnum á möguleikum til aukningar á sumarhögum fyrir sauðfé.

Gefið hefur verið út gróðurkort af Gnúpverjaafrétti, og kort af Biskupstungna-afrétti er fullgert til prentunar.

Einn starfsmaður jarðvegsrannsókna, Ingvi Þorsteinsson, er nú við framhalds-nám varðandi haglendi við Montana Háskóla í Bandaríkjunum; hann hlaut styrk frá Matvælastofnun Sameinuðu þjóðanna (F. A. O.) til þessa náms.

3. Rannsóknir varðandi efnagreiningaþjónustu vegna áburðarþarfar.

Á s. l. ári keyptu íslenzkir bændur tilbúinn áburð fyrir nálega 80 milljónir króna, og hækkar sú krónutala væntanlega allverulega við fyrirhugaðar efnahagsáðgerðir. Er naumast óvarlegt að áætla, að á yfirstandandi ári muni áburðar-kaup að meðallagi nema um 15.000.00 krónum á hvern bónda í landinu. Það skiptir því ekki litlu máli, að áburðurinn — að þetta mikla fjármagn — sé réttilega notaður, en vitað er að á þessu eru miklir misbrestir. Bændur hafa því eðlilega lagt mikla áherzlu á að fá auknar leiðbeiningar um notkun áburðarins. *En hvorki þeir né ríkisvaldið hafa gert sér ljóst, að slík þjónusta verður ekki innt af hendi nema:*

- a. að framkvæmdar hafi evrið nauðsynlegar rannsóknir til að sannreyna gildi þeirra efnagreiningaaðferða og vinnubragða, sem helzt kemur til greina að nota og
- b. að skapa viðhlítandi vinnuáðstöðu í rannsóknastofum og í héraði til að framkvæma þjónustuna.

Því miður krefjast þessar forsendur sérfræðipækningar, peninga og tíma. En um það er ekki að fást. *Án þessara forsendna verður umrædd þjónusta ekki látin í té svo að í lagi sé.*

Rétt er að gera í stuttu máli grein fyrir því, hvernig þessi mál horfa í dag.

Sérfræðipækning.

Auk undirritaðs vinnur nú dr. Bjarni Helgason, jarðvegsfræðingur, að jarðvegsrannsóknnum við Atvinnudeildina, en Ingvi Þorsteinsson er við framhaldsnám, eins og fyrr var getið. Dr. Bjarni er bersýnilega mjög dugandi starfsmaður og vel að sér, og er íslenskum landbúnaði happ í að fá slíkan starfsmann. Menntun íslenkra búfræðikandidata er nefnilega ekki við það miðuð, að þeir verði færir um að vinna sem vísindamenn á sviði jarðvegsfræði, og því eru vandfundnir hér á landi vel hæfir menn til sjálfstæðra rannsókna í þessari fræðigrein. Búfræðikandidatar eru hins vegar fyrst og fremst þjálfaðir sem ráðunautar, og er að sjálfsögðu mikilvægt að hafa hæfa menn við leiðbeiningastörfin. En eftir atvikum í íslensku þjóðfélagi má segja, að jarðvegsrannsóknir hafi allvel hæfu starfsliði á að skipa, og er þá miðuð við, að dr. Bjarni Helgason verði ráðinn til frambúðar að Búnaðardeild. Ef hæft starfslið er ekki fyrir hendi, er þýðingarlítið og oftast unnið fyrir gýg að veita miklu fé til rannsókna. En að því er tekur til jarðvegsrannsókna virðist mér sem skortur á hæfu starfsliði sé ekki til fyrirstöðu í þessu efni.

Starfsaðstaða í dag.

Vinnuskilyrði eru ófullnægjandi, jafnvel fyrir þær rannsóknir sem nú er unnið að, og þau eru algjörlega ónóg fyrir almenna efnagreiningaþjónustu vegna áburðarþarfar. Jarðvegsrannsóknir hafa nú aðeins um 100 fermetra gólfrymi fyrir rannsóknastofur, teikniherbergi, skrifstofur og sýnishornageymslur.

Leiðbeiningaþjónustan.

Á Búnaðarþingi 1957 flutti undirritaður erindi um framkvæmd leiðbeiningaþjónustu vegna áburðarþotkunar og birtist það í Búnaðarritinu næsta ár. Í samræmi við það fyrirkomulag, sem þar er lýst, hefur verið gerð tilraun með framkvæmd leiðbeiningaþjónustu í Hraungerðishreppi, og sams konar tilraun er hafin í Gnúpverjahreppi:

1. Svokölluð Áburðarbók hefur verið samin og gefin út af Búnaðarfélagi Íslands, en þessi bók er ómissandi við nefnda þjónustu.
2. Gerð hafa verið kort af tünnum í umræddum hreppum; tünunum er síðan skipt í spildur eða vinnueiningar.
3. Héraðsráðunauturinn, Kristinn Jónsson á Selfossi, hefur haft samvinnu við Búnaðardeild um framkvæmd umræddra tilrauna, og hann hefur séð um töku jarðvegssýnishorna.
4. Sýnishornin eru efnagreind á rannsóknastofu jarðvegsrannsókna, og niðurstöðurnar síðan sendar Kristni Jónssyni.
5. Kristinn Jónsson, eða héraðsráðunautur í umræddri sveit, ráðleggur síðan bændunum um áburðarþotkun á grundvelli efnagreininganna og þeirra upplýsinga, sem lesa má af Áburðarbókinni.

Bændur í Hraungerðishreppi telja sér talsverðan hag að þessum leiðbeiningum, og skortir þó enn mikið á, að nægar rannsóknir hafi verið gerðar til að meta réttléga gildi efnarannsóknanna.

En með þessum tilraunum er vegurinn varðaður. Á þennan eða mjög áþekkan hátt verður að framkvæma leiðbeiningaþjónustuna. Árangurinn úr Hraungerðishreppi spyrst, og kröfur bænda um slíka þjónustu verða æ háværi. En meðan ekki er séð fyrir betri vinnuáðstöðu fyrir jarðvegsrannsóknir er ókleift að sinna eða verða við slíkum kröfum. Það er nú bændanna og ríkisvaldsins að svara þeirri

spurningu, hvort koma eigi slíkri þjónustu á laggirnar, þannig að unnt sé að veita hana almennt og á viðhlítandi hátt. Ef þessir aðilar svara spurningunni játandi, þá hefur slíkt svar því aðeins raunhæft gildi, að þessir aðilar, annar hvor eða báðir, leggi af mörkum nægilegt fé til sköpunar nauðsynlegrar vinnuáðstöðu á rannsóknastofu og í héraði.

4. Hver er „nauðsynleg rannsóknáðstaða“?

Sé miðað við næstu 10 ár, tel ég að vinnurými jarðvegsrannsókna megi ekki áætla minna en 700 m² gólfhlötu. Þar af eru 400 m² áætlaðir í rannsóknastofu, teikniherbergi, bókaherbergi, skrifstofu fyrir starfslið og kaffiherbergi. 300 m² eru áætlaðir fyrir geymslur og grófvinnuherbergi (þurrkun, mölun og meðferð sýnishorna).

Reiknað er með, að slík bygging yrði reist á landi því, sem Rannsóknaráð ríkisins og Raforkumálaskrifstofan hafa fengið til umráða í austanverðu Keldnaholti. Eru helzt fyrirhugaðar einnar hæðar byggingar, en þeim fylgir sá kostur, að hægt yrði að taka byggingar í notkun fyrr og með minni byrjunar tilkostnaði en ef um væri að ræða fleiri hæða byggingar.

Kostnaður 700 m² rannsóknabyggingar er lauslega áætlaður 3 milljónir króna, og eru þá meðtaldar innréttingar í rannsóknastofu. Hins vegar er hér ekki talinn með kostnaður vegna vatns- og skolpleiðslna, rafleiðslna né vegagerðar og lóðavinnu.

Allmikið af tækjum þyrfti að kaupa og leggja sérstök leiðslukerfi fyrir loft, vatn og rafmagn. Á þessu stigi málsins er mjög erfitt að áætla kostnað vegna slíks útbúnaðar og tækjakaupa, en ekki er ósennilegt, að hann yrði nálægt 1 milljón króna.

Þá yrði brýn nauðsyn að reisa lítið gróðurhús vegna jarðvegsrannsókna, búið hitunar- og ljósakerfi, ásamt geymsluhúsi. Kostnaður við þessar framkvæmdir er áætlaður kr. 500 000.00.

Heildarkostnaður er þannig áætlaður fjórar og hálf milljón króna, og er þá miðað við væntanlegt verðlag eftir að fyrirhugaðar efnahagsráðstafanir hafa gengið í gildi.

Á meðan stæði á byggingum og undirbúningi á Keldnaholti yrði að vinna í núverandi húsnæði jarðvegsrannsókna. Möguleikar eru á að bæta við það einni lítilli rannsóknastofu, sem nú er notuð til skordýrarannsókna, en slíka vinnu má framkvæma hvar sem vera skal, því að hún útheimtir ekki önnur tæki en smásjár og stækkunargler.

Reykjavík, 10. febrúar 1960.

Björn Jóhannesson.